

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/414
komudagur 2.12.2003

EYÞING – *Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum* –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang eything@est.is


Akureyri 28. nóvember 2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá samgöngunefnd Alþingis frumvarp til laga um samgönguáætlun, 39. mál, skipan samgönguráðs, grunntillaga. Stjórnin samþykkti eftirfarandi umsögn:

Stjórnin leggst gegn samþykkt frumvarpsins.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jonasson
framkv.stjóri

HAFNASAMBAND SVEITARFÉLAGA Alþingi

Erindi nr. **P 130/1003**
komudagur 19. 2. 2003

Samgöngunefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 17. febrúar 2004

Ha 011/2004 BLB/IH
Tilv.: 613

Efni: Frumvarp til laga um samgönguáætlun


Á fundi stjórnar Hafnasambands sveitarfélaga, sem haldinn var föstudaginn 13. febrúar sl. var m.a. fjallað um bréf samgöngunefndar Alþingis, dags. 5. nóvember 2003, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingar á samgönguáætlun, 39. mál, skipan samgönguráðs, grunntillaga.

Stjórnin tekur undir eftirfarandi álit samgöngu- og þróunarnefndar hafnasambandsins:

„Samgöngu- og þróunarnefnd er sammála því að nauðsynlegt sé að kynna tillögur samgönguráðs, en tekur að öðru leyti ekki afstöðu til efnis frumvarpsins.“

Virðingarfyllt
HAFNASAMBAND SVEITARFÉLAGA


Birgir L. Blöndal



**SAMBANDS SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM**

FIJUM - 260 NJARÐVÍK
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279
FAX: 421-3766

Alþingi
Erindi nr. P 130/369
komudagur 28.11.2003

Suðurnesjum 25. nóvember 2003.

*Nefndasvið Alþingis
samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK.*

Varðar umsögn um frumvarp til laga um samgönguáætlun.

Á stjórnarfundum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 20. nóv. s.l. var tekið fyrir erindi yðar dags. 5. nóv. 2003 þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um samgönguáætlun, 39. mál, skipan samgönguráðs, grunntillaga.

Eftirfarandi var fært til bókar.

Stjórnin tekur ekki afstöðu til frumvarpsins.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Guðjón Guðmundsson framkv.stj.

Alþingi
Stefán Árni Auðólfsson
Við Austurvöll
150 Reykjavík

Kópavogi, 20.11.2003
Tilv. 023
HJ

Efni: Umsögn um frv. til laga um br. á l. um samgönguáætlun.

Vísað er til bréfs samgöngunefndar dags. 5. nóvember 2003, þar sem Siglingastofnun Íslands er gefinn kostur á að veita umsögn um fyrrnefnt frumvarp.

Það verklag sem gerð er tillaga um í frumvarpinu svarar til fyrirkomulags sem viðhaft var við gerð hafnaáætlunar síðasta áratuginn áður en lög um samgönguáætlun öðluðust gildi. Fylgt var ákvæðum í 4. mgr. 24. gr. eldri hafnalaga nr. 23/1994, en þar segir:

"Sérstök fjögurra áætlun um hafnargerðir skal gerð á tveggja ára fresti. Áður en gengið er endanlega frá áætluninni skal forstjóri Siglingastofnunar Íslands, senda stjórn hverrar hafnar tillögur sínar um framkvæmdir á áætlunartímabilinu við þá höfn og gefa hafnarstjórnunum tiltekinn frest til að koma með athugasemdir og breytingartillögur."

Með samþykkt laga um samgönguáætlun nr. 71/2002 og nýjum hafnalögum nr. 61/2003 breytast nokkuð ákvæði um gerð áætlana um hafnamál.

Í 4. gr. laga um samgönguáætlun segir m.a.:

"Tillögur að fjögurra áætlun skulu unnar í stofnunum samgöngumála fyrir samgönguráð. Samgönguráð semur endanlega tillögu og leggur fyrir samgönguráðherra.

Fjögurra ára áætlun skal endurskoðuð á tveggja ára fresti og þá lögð fram ný þingsályktunartillaga um hana fyrir næstu fjögur árin, sbr. 1. mgr., þannig að ávallt sé í gildi áætlun fyrir a.m.k. tvö ár."

Í 27. gr. hafnalaga nr. 61/2003 segir:

"Siglingastofnun Íslands vinnur tillögu að áætlun um hafnarframkvæmdir með kostnaðarþáttöku ríkissjóðs, sbr. lög nr. 71/2002, um samgönguáætlun.

Við undirbúning þessarar tillögugerðar ber Siglingastofnun að hafa samráð og samstarf við viðkomandi hafnarstjórn og hafnaráð.


Við tillögugerðina og forgangsörðun framkvæmda skal leggja til grundvallar mat er taki mið af hagkvæmni framkvæmdar, þörf fyrir hana og þýðingu fyrir byggðarlagið."

Samgönguáætlun til 4ra ára var í fyrsta skipti afgreidd á Alþingi vorið 2003. Í nefndaráli meirihluta samgöngunefndar segir m.a.:

"Meiri hlutinn verkur athygli á að tillögur um framlög til ríkisstyrkta framkvæmda í siglingamálakafli tillögunnar voru ekki, vegna tímaskorts, sendar til umsagnar til sveitarfélaga eins og venja hefur verið með hafnaáætlun. Meiri hlutinn telur mikilvægt að haldið verði í þá venju sem skapast hefur að Siglingastofnun Íslands leiti álits sveitarfélaga og mun það vera ætlun stofnunarinnar samkvæmt upplýsingum nefndarinnar."

Samkvæmt þessu má ætla að vilji Alþingis hafi verið að tillögur Siglingastofnunar ásamt umsögnum viðkomandi sveitarstjórnnum liggi fyrir áður en Alþingi tekur málið til umfjöllunar og afgreiðslu. Siglingastofnun telur sig geta unnið þetta innan nógildandi lagaramma en ugglaut má hafa á því mismunandi skoðanir hvort lögín aðskilji nægjanlega vel pólitískar áherslur frá grunntillögum sem unnar eru af Siglingastofnun.

F. h. Siglingastofnunar Íslands,



Hermann Guðjónsson,
siglingamálastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 130/152
komudagur 18.11.2003



Samgöngunefnd Alþingis
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík 18. nóvember 2003
Tilvísun: 2003110018/20.1
JR/BH
Tilv. ykkar: 5.11.2003

Efni: Samgönguáætlun, 39. mál. Umsögn um frumvarp til laga.


Í bréfi dags. 5. nóvember 2003 óskar Samgöngunefnd Alþingis eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um samgönguáætlun, nr. 71/2002.

1. gr. frumvarpsins fjallar annars vegar um breytingu á skipan samgönguráðs og hins vegar um framlagningu tillagna. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að tilgangur með breytingunum er að skilið verði á milli Vegagerðarinnar, Siglingastofnunar og Flugmálastjórnar annars vegar og samgönguráðherra hins vegar.

Við gerð samgönguáætlunar er mikilvægt að strax á undirbúningsstigi komi sem flest sjónarmið fram. Fagleg vinnubrögð við gerð tillagna byggjast á að sjónarmið séu rædd frá ýmsum hliðum, möguleikar séu skoðaðir og áhrif metin. Í slíkri skoðun eiga jafnt tæknileg sem pólitísk sjónarmið fullan rétt á sér svo vandséð er að hugmyndir þær sem fram koma í 1. gr. frumvarpsins séu til bóta.

Í annari gr. frumvarpsins er lagt til að tillögum samgönguráðs að framkvæmdum skuli fylgja samræmt arðsemismat. Tekið skal fram að hjá Vegagerðinni eru gerðir arðsemisreikningar fyrir allar stærri framkvæmdir í vegamálum. Eflaust gæti verið æskilegt að samræma arðsemisreikninga þeirra stofnana sem að gerð samgönguáætlunar koma.

Virðingarfyllt,


Jón Rögnvaldsson,
vegamálastjóri.